Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2022

Tilvísun ÞÍ: 2022051307/4.5
Tilvísun sendanda:

Efni: **Umsögn Þjóðskrár Íslands um drög að reglugerð um íbúakosningar**

Þjóðskrá Íslands hefur farið yfir drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 10. nóvember 2022 (mál nr. 215/2022). Hefur stofnunin eftirfarandi athugasemdir við drögin.

í 4. gr. draganna kemur fram að notast skuli við prentaða kjörskrá við íbúakosningar sveitarfélaga. Þjóðskrá Íslands telur mikilvægt að fram komi í ákvæðinu að kjörskrá verði afhent með rafrænum hætti frá stofnuninni þrátt fyrir að stuðst verði við prentaða kjörskrá í samræmi við ákvæði 2. mgr. 30. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Þjóðskrá afhendir kjörskrá með rafrænum og öruggum hætti (í síðustu kosningum voru kjörskrár sendar með signit transfer) og mikilvægt er að enginn vafi leiki á því enda fylgir stofnunin grænum skrefum í ríkisrekstri. Mikilvægt er að þetta komi skýrt fram í reglugerðinni.

Stofnunin telur að c-lið 8. gr. megi orða með skýrari hætti.

Í 16. gr. er fjallað um hvenær uppkosning fer fram ef kosning ferst fyrir af óviðráðanlegum orsökum. Þar er til dæmis talað um bilun í hugbúnaðarkerfi Þjóðskrá Íslands. Þar sem reglugerðin gerir ráð fyrir því að íbúakosningar byggi á útprentaðri kjörskrá er vandséð að bilun í hugbúnaðarkerfi stofnunarinnar komi hér til álita.

Í 139. gr. kosningalaga er kveðið á um að sveitarfélög greiði kostnað sem stofnunin hefur þ.m.t. við kjörgögn og verkefni sem stofnunin fer með í kosningum. Í reglugerð kemur ekkert fram um hver beri kostnað við vinnu Þjóðskrár Íslands við slíkar kosningar og telur stofnunin skýrara ef kveðið er á um kostnað, enda getur stofnunin ekki sinnt slíkum verkefnum nema að þeim fylgi fjármagn.

Að lokum þá segir í minnisblaði með reglugerð að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá geti stofnunin ekki boðið upp á hugbúnaðarkerfi með rafrænni kjörskrá. Unnið er að þessu hörðum höndum hjá stofnuninni og er gert ráð fyrir að rafræn kjörskrá verði tilbúin í næstu forsetakosningum.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Telma Halldórsdóttir

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is

Yfirlögfræðingur

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is